

Stjórnarfundur STEFs 25. mars 2020 Fundargerð – útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs miðvikudaginn 25. mars 2020 og hófst hann kl 11:00.

Mættir voru: Þórunn Gréta Sigurðardóttir (formaður), Jakob Frímagn Magnússon, Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson, Sigurður Flosason og Bragi Valdimar Skúlason, Hjálmar H. Ragnarsson. Að auki sat framkvæmdastjórinn, Guðrún Björk Bjarnadóttir.

Dagskrá fundarins var lögð fram.

Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 6. febrúar og útdráttur úr fundargerð lögð fram og samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram.

Lögð eru fram eftirfarandi fylgiskjöl:

- a) Trúnaðarsamningur við Bitfury – undirritaður
- b) Tölvupóstur til Bitfury í framhaldi af samþykkt síðasta fundar.
- c) IHM könnun
- d) Staða á lokun útibús NCB á Íslandi

Undir þessum lið var sérstaklega gerð grein fyrir fyrirhugðum fræðslumyndböndum í samstarfi við ÚTÓN o.fl. Samþykkt að veita allt að kr. 250.000 í verkefnið.

Undir þessum lið var sérstaklega gerð grein fyrir samningum við erlendar veitur, SoundCloud, Apple og Netflix.

3. STEF og Covid-19

Farið er yfir helstu aðgerðir og stöðu STEFs vegna COVID-19 veirusýkingarinnar.

Helstu aðgerðir sem STEF hefur ákveðið að ráðast í:

- a) Úthlutunum flýtt
- b) Greiðslufrestir til viðskiptavina
- c) Tónastreymi - tónleikaröð
- d) Tilkynning STEFs um verðskrá v. streymistónleika

Hrafnkell Pálmarsson, sölu- og markaðsstjóri STEFs, kom inn á fundinn og gerði grein fyrir mögulegum áhrifum veirunnar á innheimtu STEFs. Erfitt er á þessum tímamarki að gera sér grein fyrir hversu mikið tekjutap STEF mun verða fyrir, en ljóst er að það verður umtalsvert. Fer það auðvitað mest eftir því hversu lengi þetta tímabil mun vara. Sérstaklega munu tekjur vegna tónleika dragast saman og þær verða ekki bættar síðar á árinu. Nokkuð hefur borið á því að viðskiptavinir hafi samband vegna rekstrarstöðu sinnar. STEF hefur gefið út greiðsluseðla og sett gjalddagann mánuði lengra fram í

tímann. Þá mun STEF einnig fallast á að breyta greiðsluseðlum hjá þeim fyrirtækjum sem hafa hreinlega lokað hjá sér og óska eftir slíku.

Stjórnin lagði áherslu á að stigið yrði létt til jarðar í innheimtu á næstunni og ekki farið í neinar harðar innheimtuaðgerðir. Ætti það einnig við um innheimtu af streymdum tónleikum, en um leið að leggja áherslu á að tilslakanir væru vegna þessara sérstöku aðstæðna vegna veirusýkingarinnar og sem ekki væru fordæmisgefandi.

Það sjónarmið var reifað að þessir sérstöku tímar munu líklega hafa áhrif á hegðun fólks til framtíðar, þar sem fólk lærir nýja hegðun (s.s. eins og að njóta streymdra tónleika) og væri mikilvægt að hafa gætur á slíku.

Undir þessum lið var einnig minnst á að IHM væri að skrifa drög að áskorun til stjórnvalda vegna skapandi greina, sem eiga undir högg að sækja í þessu samkomubanni. Var samþykkt að taka þátt í slíku bréfi.

4. Erindi frá SÍTÓN vegna Fjölís

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir erindi sem barst frá SÍTÓN þar sem kemur fram ósk um að STEF fallist á nýja tekjuskiptingu SÍTÓNs.

Samþykkt var að framkvæmdastjóri ásamt Páli Ragnari, sem er fulltrúi stjórnar STEFs í stjórn Fjölís, skrifi drög að svarbréfi til SÍTÓN.

5. Samstarf um erlenda innheimtu tónleika frá TEOSTO. Concertify.

Kynnt var tilboð frá dótturfyrirtæki Teosto, Mind your Rights, um samstarf við þróun á vettvangi fyrir höfundaréttarsamtök að fylgja eftir innheimtu á tónleikum. Í þessu samstarfi með finnsku samtökunum eru nú þegar PRS í Bretlandi og IMRO á Írlandi. Fyrir STEF eru þarna miklir möguleikar á að auka tekjur af tónleikum íslenskra tónlistarmanna erlendis. Tilboð Teosto gengur út á að STEF skuldbundi sig til næstu mánaða að taka þátt í þróun kerfisins. Við lok þróunartímabilsins verði samið um verð fyrir notkun þess, en það muni taka mið af stærð samtakanna.

Stjórn STEFs var mjög jákvæð fyrir þessu og samþykkti að ganga til liðs við verkefnið.

6. Verklagsreglur um val á framlagi Íslands til Norrænu kvikmyndatónskálda-verðlaunanna – Harpa. Drög lögð fram til samþykktar.

Verklagsreglurnar voru samþykktar.

7. Verklagsreglur um úthlutun fyrir kynningarstef. Drög lögð fram til samþykktar.

Verklagsreglurnar voru samþykktar.

8. Verklagsreglur um lágmarksfjárhæð úthlutunar.

Verklagsreglurnar samþykktar, en þær fela með sér að lágmarksfjárhæð fyrir allar úthlutanir verða 1000 kr. í stað mismunandi fjárhæða eftir hvers konar úthlutun um er að ræða.

9. Undirbúningur kosninga í fulltrúaráð

Farið var yfir hvernig framkvæmd kosninga miðaði. Nokkuð mikið er um endursendan bréfpóst þar sem heimilisföng eru röng. Í þeim tilvikum hefur skrifstofa STEFs reynt að hafa samband við viðkomandi og bjóða þeim að kjósa rafrænt. Einnig er nokkuð um að þeir sem fengu rafræn kosningagögn finni þau ekki þar sem þau lendi í ruslpósti. Bent var á mikilvægi þess að senda út áminningu áður en frestur til kosninga rennur út og minna alla á kjörskrá á að kjósa.

Stjórnin var sammála um að ef raunin af rafrænu kosningunum nú í vor verður góð að leggja til við fulltrúaráðið á næsta aðalfundi að skipta alfarið yfir í rafrænar kosningar.

10. Önnur mál

a. Beiðni um styrk frá FTT vegna söngvaskáldabúða

Ákveðið að veita vilyrði um styrk kr. 350 þúsund, en söngvaskáldabúðunum hefur verið frestað til haustsins vegna veirusýkingarinnar.

b. Beiðni um styrk frá Vinum Páls vegna bókaútgáfu um Pál Pamplicher Pálsson.

Ákveðið að hafna beiðninni með vísan til verklagsreglna um styrki stjórnar.

c. Hjálmar spurði hver staðan væri á stefnumótunarfundi stjórnar STEFs. Stefnumótunin er fyrirhuguð 24. apríl. Vonandi verður þá búið að aflétta samkomubanni. Stjórnarmenn voru sammála um að það væri forsenda stefnumótunarinnar að stjórnin gæti hist í raunheimum en ekki á fjarfundi. Ákveðið var að biðja og sjá til hvernig málin þróast en a.m.k. að fresta þessu ekki eða fella niður á þessari stundu.

d. Bragi Valdimar gerði grein fyrir streymisverkefni Hljómskálans og RÚV. Hefði verið nefnt hvort STEF gæti tekið þátt í fjármögnun þess. Stjórnin var sammála um að einbeita sér að streymistónleikunum Tónastreymi sem STEF er upphafsmaður að, en að setja ekki frekari fjármuni tónlistarmanna í slík verkefni að sinni.

Ekki voru borin fram fleiri mál.

Fundi slitið kl. 13:00.